

Stjórnarfundur Bergrisans 28. nóvember 2019

Fundur hófst klukkan 15:00 í ráðhúsi Árborgar.

Mætt: Gísli H. Halldórsson formaður og stjórnarmennirnir Aldís Hafsteinsdóttir og Sandra Brá Jóhannsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð. Einnig eru mættir starfsmennirnir Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir, Ragnheiður Hergeirsdóttir, Helga Lind Pálsdóttir, ásamt Ingibjörgu Garðarsdóttur fjármálastjóra Árborgar og Steinunni Erlu Kolbeinsdóttur lögfræðingi.

Dagskrá

Kerlingardalur

Farið yfir kröfur frá forsvarsmönnum Kerlingardals vegna uppgjors. Stjórn Bergrisans hafnar kröfu Kerlingardals um að greiða uppsafnaðan rekstrarhalla fyrirtækisins en lýsir vilja sínum til frekari samningaviðræðna um rekstrarþætti sem til álita kæmi að féllu undir ábyrgð Bergrisans. Stjórn felur Steinunni Erlu Kolbeinsdóttur lögfræðingi að ræða við lögmann Kerlingardals um leiðir til að ljúka málinu.

Úrskurður úrskurðarnefndar Velferðarmála kynntur þar sem ákvörðun Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu um breytta búsetu vegna þjónustuþega í Kerlingardal er staðfest.

Skaftholt – staða mál

Lögfræðingur fer yfir niðurstöður varðandi rekstur Skaftholts. Stjórn samþykkir að óska eftir að Bergrisinn sæki um til ráðgjafanefndar jöfnunarsjóðs að veittur verði styrkur til að fara í ttekt á rekstri Skaftholts og Breiðabólsstað. Verkefnið er liður í að endurskipuleggja rekstrarforsendur þeirra heimila sem var búið að koma á fót fyrir yfirfærslu málaflokksins til sveitarfélaga. Lögfræðingi falið að vinna málið áfram.

Ný krafa vegna NPA – vangoldin kjarasamningshækkun

Stjórn samþykkir greiðslu kröfunnar.

Innra eftirlit sveitarfélaga með þjónustu við fatlað fólk- beiðni um upplýsingar

Erindið er í vinnslu. Stjórn Bergrisans felur þjónusturáði að svara erindinu fyrir tilskilin frest.

NPA samningar – staða mála

Formaður þjónusturáðs kynnir stöðu á afgreiðslu ráðneytisins vegna NPA samninga.

Íbúðakjarni með þjónustu á Selfossi

Formaður upplýsir um framgang verkefnisins.

Næsti stjórnarfundur verður haldinn í desember.

Fundið slitið kl. 16:45